

# Ársskýrsla Maríuhúss 2018

## Skjólstæðingar

Maríuhús er með leyfi fyrir 22 skjólstæðinga dag hvern.

Á árinu 2018 voru 43 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Maríuhúss, 18 karlar og 25 konur. Af þeim bjuggu 26 með maka eða barni en 17 bjuggu einir. Meðalaldur þeirra var 80,8 ár (61 til 95 ára).

Meðaldvalartími þeirra sem útskrifuðust á árinu var 20,3 mánuðir en sá sem var styst var rúma 8 mánuði en sá sem var lengst hafði verið í 55 mánuði, 4,5 ár.

Um áramót 2018/2019 voru 26 einstaklingar skráðir í Maríuhús. Þeir koma 2 til 5 daga í viku.

Tíu skjólstæðingar fá aðstoð við böðun, einu sinni til tvisvar í viku. Ellefu skjólstæðingar fara með okkur í sund einu sinni í viku. Einn herra fær daglega aðstoð við rakstur og þrír skjólstæðingar fá hvatningu og aðstoð við tannburstun. Einnig er þremur skjólstæðingum veitt regluleg aðstoð við að skipta um innlegg/bleyjubuxur.

Tólf skjólstæðingar fá aðstoð við lyfjatöku, ýmist í formi tafla, plástra eða sprauta.

Heimaþjónustan/heimahjúkrun hefur sinnt 17 af skjólstæðingum Maríuhúss á árinu. Það er meðal annars aðstoð við athafnir daglegs lífs, lyfjagjafir og eftirlit/stuðningur.

Sextán skjólstæðingar fengu færni og heilsumat á árinu og átta útskrifuðust héðan í biðpláss á spítala.

Nánari tölulegar upplýsingar og samanburður frá árinu 2012 er hér aftast.

## Starfsmenn

Á árinu varð breyting í starfsmannahópnum. Iðjuþjálfari hússins lét af störfum í byrjun nóvember og í hennar stað var ráðinn almennur starfsmaður sem byrjaði 1. nóvember. Þrír sumarafleysingastarfsmenn voru hjá okkur í sumar, tvær þeirra höfðu verið hjá okkur áður. Ein þeirra kom og vann hjá okkur í desember því fastráðinn starfsmaður tók sér 4 vikna launalaust leyfi.

Í upphafi árs voru 7 starfsmenn í 6,4 stöðugildum og staðan var sú sama í lok árs.

Nú um áramót starfa í húsinu hjúkrunarfræðingur, þroskaþjálfari, sjúkraliði með sérnám í öldrun, sjúkraliði, félagsliði og tveir almennir starfsmenn.

Starfsdagar hússins voru nýttir í skipulag, undirbúning á virkni og fræðslu en allur hópurinn fór til dæmis á námsskeið um líknarmeðferð og skyndihjálp. Tveir starfsmenn fóru á grunnnámskeið Alzheimersamtakanna um heilabilun í apríl. Seinnipartinn í apríl höfðum við lokað heilan dag og fjórir starfsmenn fóru til New York ásamt starfsfólki Drafnarhúss. Í New York tók Francesca Rosenberg á móti okkur í MoMA safninu og kynnti fyrir okkur starfsemi þeirra með fólki með heilabilun. Þangað er hópum fólks boðið í skipulagðar ferðir, ekki ólíkt því sem verið hefur hér í gangi á Listasafni Íslands meðal annars. Við heimsóttum einnig dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun sem rekin var í nokkurs konar þjónustumiðstöð. Þar var í

sama húsi dagþjálfunin, skólasel, leikskóli, félagsstarf aldraðra og fleira. Þetta var talsvert ólíkt því sem við eigum að venjast og mjög áhugavert að kynnast þessu. Það er þó ljóst að það er talsverður munur á því sem er einkarekið eða því sem er rekið af sveitafélögum eins og þessi dagþjálfun. Þetta var verulega vel heppnuð ferð, bæði fróðleg og skemmtileg. Við fórum einnig í 2 heimsóknir innanlands, skoðuðum sérhæfða dagþjálfun í Borgaseli og almenna dagþjálfun í Múlabæ. Við höfðum ekki starfsdaga í sumar.

Sjúkraliði fór á Alzheimer Europe ráðstefnu til Barcelona í haust. Ráðstefnan bar yfirskriftina Making dementia a European priority.

## **Nemar**

Það er alltaf eitthvað um nemaheimsóknir. Núorðið snúast þær heimsóknir að mestu um stutta kynningu en ekki viðveru í lengri tíma. Við fengum í heimsókn hjúkrunarfræðinema, þroskaþjálfanema og sjúkraliðanema, bæði frá Fjölbrotarskólanum í Breiðholti og Vestmannaeyjum.

En það er líka starfsfólk annarra stofnana sem hefur áhuga á að kynna sér starfið hjá okkur, við fengum heimsóknir frá iðjuþjálfum á LSH og starfsfólki dagþjálfuninnar á Eir.

## **Ytri þjónusta**

Kjartan og Þórunn sjá um akstur fyrir Maríuhús eins og áður. Á árinu hafa 39 skjólstæðingar nýtt sér akstursþjónustu.

Helga Eyjólfsdóttir, öldrunarlæknir á Landakoti hefur komið einu sinni í viku í Maríuhús og sinnt skjólstæðingum okkar á fjölbreyttan hátt.

Það kemur fótaaðgerðarfræðingur í Maríuhús eftir þörfum og sinnir skjólstæðingum okkar sem þess óska. Okkur reyndist erfitt um tíma að finna einhvern en erum nú komin með færan fótaaðgerðarfræðing. Einnig kemur hárgreiðslukona í húsið eftir þörfum en hún hefur sinnt Maríuhúsi frá upphafi.

Skjólstæðingarnir borga sjálfir fyrir fótaaðgerð og hárgreiðslu en það sparar tíma og skutl fyrir aðstandendur að geta fengið þessa þjónustu hér í húsinu.

Sjö skjólstæðingar fengu á árinu heimasjúkraþjálfun hingað í Maríuhús.

Sólar sér um þrif í Maríuhúsi og þau koma þrisvar í viku.

Í febrúar höfðum við samband við Auðnast og fengum að vísa þangað aðstandendum sem þurftu á hjálp að halda vegna álags og streitu. Á Auðnast starfa bæði sálfræðingar og fjölskyldumeðferðarfræðingar. Við vísuðum tveimur aðilum þangað á árinu og var almenn ánægja með þá þjónustu sem þar var veitt.

Við skiptum um símafyrirtæki í lok árs, fórum frá Vodafone til Hringiðunnar með bæði net og síma. Það mun spara okkur talsvert.

## **Aðstaða**

Reykjavíkurborg leggur til húsnæði Maríuhúss og hefur sinnt viðhaldi á húsnæðinu en engar stórframkvæmdir voru á árinu. Enn er eftir að skipta um lélega glugga og það hefur verið á dagskrá að þússa og lakka allt parkett á efri hæðinni í sex ár. Það bíður enn fjármagns.

Í vatnsveðrinu mikla í febrúar flæddi í tvígang inn á neðri hæð Maríuhúss. Þann 21. febrúar flæddi inn í kertagerðina. Starfsfólk vopnaðist skóflum og fötum og þurrkaði það upp. Var talið að um væri að kenna stíflaðri rennu fyrir utan og var skipt um hana og sett upp laufgildra. Premur dögum seinna flæddi inn á alla neðri hæðina og þurfti að kalla til slökkviliðið að dæla út. Sem betur fer urðu engar skemmdir. Talið var að drenið umhverfis húsið hefði ekki ráðið við að losa vatn í burtu. Útidyrhurð á neðri hæð hússins var þétt í kjölfarið.

Talsvert autt svæði (gras og stétt) eru á bak við húsið. Við höfum alltaf drauma um að geta nýtt það betur, til dæmis með því að útbúa púttvöll. Stór pallur með skjólvegg myndi líka gera mikið, þá væri líka hægt að hafa meira opið út án þess að við hefðum áhyggjur af að einhver rati ekki til baka til okkar.

Við nýtum svæðið ekki mikið eins og það er, helst til að spila Kubb eða slík spil og eins erum við með fjögur fiskikör þar með mold fyrir ræktun.

## Starfið

Þann 19. september var haldið upp á 10 ára afmæli Maríuhúss með pompi og prakt. Það mættu rúmlega hundrað manns á opið hús klukkan 17. Heiðursgestur var verndari Alzheimersamtakanna, forsetafrú Eliza Reid, og hélt hún stutta tölu. Einnig tóku til máls Árni Sverrisson, formaður samtakanna, Ólína Kristín Jónsdóttir, forstöðumaður, Sveinn B. Isebarn fyrir hönd skjólstæðinga og Jóna Þórsdóttir fyrir hönd aðstandenda. Vandræðaskáld komu og skemmtu okkur með söng en rúsínan í þeim pylsuenda var lag sem að þau sömdu sérstaklega fyrir okkur í tilefni dagsins.

Í Maríuhúsi leggjum við megináherslu á að sinna skjólstæðingum okkar og aðstandendum þeirra af alúð og virðingu. Við virkjum skjólstæðinga okkar eftir besta megni til að viðhalda og efla líkamlega, vitræna og félagslega færni þeirra.

Við leggjum áherslu á að virkni fari fram í minni hópum því skjólstæðingahópur okkar nýtur sín betur þannig. Við eflum líkamlega færni með stólaleikfimi og gönguferðum, við eflum félagslega færni með samveru og við eflum vitræna færni með bæði iðju eins og kertagerð, þæfingu, málun, mósaík, smíðum og fleira. En einnig ýmsri hugarleikfimi; við lesum bækur, tölum um ferðalög, spilum ýmis spil og svo mætti lengi telja.

Skjólstæðingar okkar aðstoða okkur við eldhúsverkin, leggja á borð, baka með okkur og vaska upp, þannig fá þeir hlutverk og þjálfun sem nýtist þeim heima.

Proskapjálfi hússins heldur utan um Sólskinsklúbb í anda Sparkle of life hugmyndafræðinnar sem að Jane Verity stendur á bak við. Hún, ásamt öðrum starfsmanni, sjá um vikulegan klúbb sem í er hópur af þeim skjólstæðingum sem er hvað lengst gengnir í sínum heilabilunarsjúkdómi. Við höfum séð fólk blómstra eftir að hafa byrjað í Sólskinsklúbbnum.

Við höfum áfram tekið þátt í verkefninu Listir og menning sem meðferð. Listasafn Íslands býður skjólstæðingum okkar að koma, ásamt aðstandanda, í leiðsögn á listasafnið einu sinni í mánuði. Þeir skjólstæðingar sem hafa áhuga og eiga aðstandanda sem getur tekið þátt í þessu með þeim, eru velkomnir. Það hafa verið að fara á bilinu 4 til 7 skjólstæðingar í hvert sinn. Mikil ánægja er hjá öllum með þetta verkefni en því miður var nóvemberheimsóknin sú síðasta. Þau eru að stokka upp í þessu verkefni og það verður með breyttu sniði þegar það byrjar aftur.

Magnea Tómasdóttir, söngkona kom reglulega og leiddi söngstundir ásamt píanóleikara. Hún virkjar skjólstæðinga til þátttöku með ýmsum hristum og litlum trommum. Þessar stundir hættu á vordögum.

Prestur og/eða djákni Bústaðakirkju, ásamt organista, koma mánaðarlega yfir vetrartímann og leiða helgistund. Tvisvar á ári förum við þó til þeirra, á vorin er okkur boðið í grillaðar pylsur og fyrir jólin er kökuhlaðborð í safnaðarheimilinu.

Við höfum fengið fjölda gesta í húsið á árinu; rithöfundar, tónlistarfólk og dansarar hafa glatt okkur með nærveru sinni og í mörgum tilfellum kemur fólk til okkar án endurgjalds sem er ómetanlegt.

Við höfum einnig farið úr húsi. Við förum upp í Hvalfjörð í vor að kíkja á sauðburðinn, það vekur alltaf jafn mikla gleði. Sumarferðin okkar var farin í byrjun september og farinn var hringur um Snæfellsnes. Við fengum leiðsögumann í bílinn frá Vegamótum og þangað aftur. Við fengum okkur kjötsúpu á Arnarstapa og fræðslu um ullarvinnslu í Stykkishólmi. Þetta var mjög ánægjuleg ferð. Við höfum einnig farið á tónleika, í bíó og áfram mætti telja.

Við höfum undanfarin ár boðið mökum skjólstæðinganna að taka þátt í ýmsu með okkur, bjóðum þeim alltaf á Litlu jólin og Þorablót og einnig í sumarferðina í ágúst/september. Það er gaman að segja frá því að þátttaka maka er alltaf góð og mikil ánægja er með þessa daga.

Stór þáttur í starfi okkar er fjölskylduhjúkrun en aðstandendur eru þeir sem gera skjólstæðingum okkar kleift að búa heima sem lengst og þeir þurfa á öllum þeim stuðningi, sem í boði er, að halda til að geta hugsað um ástvin sinn. Í sameiningu geta dagþjálfun og aðstandendur unnið kraftaverk.

Við aðstoðum fólk við að meta hvenær þörf er á meiri aðstoð (í Maríuhúsi eða frá félags eða heimaþjónustu). Við ráðleggjum hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimili og aðstoðum fólk í því ferli. Á árinu fóru 15 skjólstæðingar í 23 hvíldarinnlagnir. Dvöl þeirra var á bilinu 1 til 4 vikur, að meðaltali 2,2 vikur.

Einnig veitum við stuðning þegar kemur að því að sækja um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili fyrir viðkomandi en það geta verið þung skref fyrir alla.

Markmið okkar fyrir komandi ár er að halda áfram því góða starfi sem hér er unnið svo að skjólstæðingar okkar geti búið sem lengst heima, við sem besta heilsu og aðbúnað.

Reykjavík, 25. mars 2019

---

Ólína Kristín Jónsdóttir  
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Maríuhúss

	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Fjöldi skjólstæðinga	43	56	47	40	45	42	46
Innskiftir	12	28	22	16	20	17	22
Útskriftir	17	25	19	15	21	17	21
Meðalbiðtími eftir innskrift	12,6 mán	8,0 mán	10,8 mán	8,9 mán	8,1 mán	8,1 mán	9,0 mán
mest	21,8 mán	28,5 mán	36,3 mán	29,6 mán	24,1 mán	21,2 mán	20,1 mán
minnst	5,2 mán	0,3 mán	0,4 mán	1,5 mán	2,6 mán	4,2 mán	2,9 mán
Meðaldvalartími útskrifaðra	20,3 mán	21,5 mán	19,2 mán	17 mán	16,6 mán	20,7 mán	19,7 mán
mest	55 mán	61,6 mán	52,6 mán	28 mán	40,4 mán	52,8 mán	47,3 mán
minnst	8,1 mán	4,1 mán	2,8 mán	5,7 mán	4,1mán	3 mán	3,2 mán
Meðalaldur	80,8	82,4	83,3	81,2	78,4	77,5	79,3
elst	95	95					
yngst	61	61					
Konur	25	32	23	22	20	19	25
Karlar	18	24	24	18	25	23	21
Búa einir	17	24	15	12	16	18	17
Fá heimaþjónustu	17	25	20	15	16	19	25
Fóru í hvíldarinnlögn	15 (23 innlagnir)	8 (9 innlagnir)	11 (19 innlagnir)	10 (18 innlagnir)	11	13	15
meðaltími í hvíld	2,2 vikur	2,2 vikur	2,2 vikur	2,8 vikur	3,3 vikur	4,25 vikur	3,25 vikur
Notfæra sér akstursþjónustu	39	51	44	38	41	37	40
Fengu Færni og heilsumat	16	8	16	11	9	13	11
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	4,9 mán	3,6 mán	4,9 mán	2,3 mán	3,2 mán	3,2 mán	3,9 mán
mest	16,2 mán	7,5 mán	27,7 mán	6,8 mán	7,2 mán	6,6 mán	7,6 mán
minnst	1,5 mán	0,5 mán	0,7 mán	0,2 mán	0,2 mán	0,9 mán	1,1 mán
Sjúkrahúsinnlagnir	20 (15 skjólst)	15 (11 skjólst)	7 (7 skjólst)	11 (8 skjólst)	11 (9 skjólst.)	13 (10 skjólst.)	17 (15 skjólst.)
Útskrift á spítala	8	7	3	5	6	3	6
Andlát (heima eða á spítala)	0	0	0	1	2	0	4